

Mannguðir og gagnslaus átvögl - Yuval Noah Harari

Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) hefur kynnt áætlun um framtíð mannkyns undir einni alheimsstjórn - alveg eins og Sameinuðu þjóðirnar.

Þessi alþjóðasamtök hafa meitlað áætlunina í svokölluð sjálfbærnimarkmið. Í örstuttu máli skal ríkja jafnrétti; frelsun kvenna og barna þeirra, frelsun frá eignabyrði, frelsun mannsins frá sjálfum sér og frelsun náttúrunnar frá mannkyni og koltvísýringi þess (gróðurhúsalofttegundum).

Við munum lifa í kynlausri öreigasælu stundarfjórðungsborganna, áhyggjulaus, firrt merkingu, vitund og sjálfsstjórn, enda skiptir hún ekki máli.

Dægradvölin verður; kynlíf, sjálfsvun og tölvuleikir. Gervigreind og tölvumenni munu gera það sem gera þarf. Ofurtölvustjórnin heldur vöku sinni, skráir og veitir leyfi til hugsana og athafna.

Þetta er hin mikla endurræsing – og hún er komin á skrið.

Íraelski sagnfræðingurinn, Yuval Noah Harari, er einn aðal hugmyndafræðinga Alheimsefnahagsráðsins. Hann hefur m.a. skrifað bókina; „Mannguðinn: Saga framtíðarinnar í hnotskurn“ (Homo Deus: A Brief History of Tomorrow). Kanadíski blaðamaðurinn, James Corbett, hefur lesið bókina „fyrir okkur.“ Kynningin er stórkostleg.

Yuval Noah Harari segir m.a.:

„Við verðum að endurskapa lýðræðið á nýjum tímum, þegar menn eru „tölvuræðir“ (hackable) skepnur. ... hinn frjálsi vilji er horfinn.“

„Við erum trúlega síðasta kynslóð mannkyns.“

„Stærsta áskorun í atvinnulífi og stjórnmálum verður að ráðstafa öllu þessu gagnslausa fólki ... vandinn er leiðindi ... hvernig á það að finna merkingu með lífinu, þegar það í raun er gagnslaut og merkingarsnautt. Eins og er sé ég helst fyrir mér lyf og tölvuleiki [til að ráða bót á leiðindunum].“

„Á tuttugustu og fyrstu öldinni verður þriðja, stærsta verkefni mannkyns að tileinka sér guðlegan mátt til sköpunar og eyðileggingar og uppfæra Homo sapiens (mannkyn) í Homo deus (mannguði). ...

Hugur okkar stendur til að endurgera líkama og hug til þess að – öllu öðru fremur – komast hjá elli, dauða og eynd. En þegar við höfum öðlast þann hæfileika gæti okkur dottið í hug að beita honum á öðrum sviðum. Þannig gætum við sem hægst leitt hugann að hinu nýja ætlunarverki mannanna, sem í raun og sann felst einungis í því einasta verki (fjölbættu): að öðlast guðdóm.“

„Mannskepnan verður gagnslaus í atvinnulífi og stríði, því missir hún gildi í stjórn- og hagkerfi.“

„Kerfið mun enn sem fyrr sjá gildi mannfjöldans, en ekki hvers og eins.“

„{Þó} mun það meta að verðleikum fólk með einstaka hæfileika, en það mun mynda nýtt úrval ofurmenna, ...“

P.s. Eftir því sem ég best veit, er hugtakið „gagnlaust átvagl“ (useless eater) ættað frá Henry Kissinger, guðföður Alheimsefnahagsráðsins.

Íslenska ríkisstjórnin stýrir samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðsins. Guðlaugur Þór Þórðarson er harðvítugur talsmaður umhverfismarkmiðanna, Katrín Jakobsdóttir jafnréttismarkmiðanna. Hún er jafnframt mest áberandi fulltrúi Alheimsefnahagsráðsins á Íslandi.

Það má leiða að líkum, að fyrir Yuval Noah vaki að leggja grundvöllinn að hlýðni og undirgefni við alþjóðavaldið eins og gert var í kófinu. Íslensk stjórnvöld tóku órækan þátt í þeim hræðsluáróði og múgsefjun - hlýðniæfingu.

Ríkisstjórnin vinnur líka hörðum höndum að því að „gera okkur stafræn,“ í samræmi við stefnu alþjóðastofnanna á borð við Evrópusambandið - og þar með eftirlitsvæn. Það er gert í þágu þjóðarinnar, segir Bjarni Benediktsson.

https://www.facebook.com/ritskodadur/posts/pfbid0evcUWegYhDHkMLKhR2rZhbH P7uk65GJxDiHkogBLNUZebXeyvgzZrivW1C61VjdGI?from_close_friend=1¬if_id=1696259826663585¬if_t=close_friend_activity&ref=notif

<https://rumble.com/v3me32p-i-read-yuval-noah-hararis-book-so-you-dont-have-to.html>